

LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 2. júní 2026.

Mál nr. 420/2026:

A

(Björgvin Halldór Björnsson lögmaður)

gegn

B

(sjálf)

Lykilorð

Kærumál. Sjálfræði. Sjálfræðissvipting.

Útdráttur

Staðfestur var úrskurður héraðsdóms þar sem A var sviptur sjálfræði tímabundið í 2 ár.

Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómarnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Þorgeir Ingi Njálsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 21. maí 2026. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 29. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 2026 í málinu nr. L-[...]/2026 þar sem sóknaraðili var sviptur sjálfræði tímabundið í tvö ár. Kæruheimild er í 1. mgr. 16. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.
- Sóknaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi en til vara að sjálfræðissviptingu verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann þóknunar til handa skipuðum verjanda sínum fyrir Landsrétti.
- Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Niðurstaða

- Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir vottorði geðlæknanna C og D 20. apríl 2026. Þar kemur fram að augljós versnun hafi orðið á geðrofseinkennum sóknaraðila í mars 2026 og hafi hann sýnt aukna mótstöðu við meðferð. Geðrofseinkenni hafi áfram verið til staðar í apríl 2026, innsæi sóknaraðila verulega skert og bregðist hann neikvætt við eðlilegri eftirfylgd. Vegna meðferðarþéttni lyfja í blóði sé enn hægt að halda ástandi sóknaraðila viðráðanlegu utan sjúkrahúss.
- Með þessari athugasemd en að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður fallist á að brýn þörf standi til þess að svipta sóknaraðila sjálfræði þar sem hann

sé ófær um að ráða persónulegum högum sínum og fé vegna geðsjúkdóms, sbr. a-lið 4. gr. lögræðislaga. Þá teljast vægari úrræði í formi aðstoðar hafa verið fullreynd. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

- 6 Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðislaga greiðist úr ríkissjóði þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila fyrir Landsrétti sem ákveðin er að meðtöldum virðisaukaskatti eins og í úrskurðarorði greinir.

Úrskurðarorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun skipaðs verjanda sóknaraðila fyrir Landsrétti, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, 176.700 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. maí 2026

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Með beiðni, dagsettri 21. apríl 2026, sem barst héraðsdómi sama dag, hefur sóknaraðili, B lögmaður, krafist þess að varnaraðili, A, kt. [...], [...], Reykjavík, verði sviptur sjálfræði tímabundið í tvö ár á grundvelli a-liðar 4. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., lögræðislaga nr. 71/1997. Um aðild sóknaraðila að málinu er vísað til 2. mgr. 7. gr. sömu laga.
2. Af hálfu varnaraðila er kröfunni mótmælt. Skipaður verjandi varnaraðila gerir kröfu um þóknun sér til handa úr ríkissjóði í samræmi við 1. mgr. 17. gr. lögræðislaga.
3. Málið var þingfest 12. maí 2026 og tekið til úrskurðar samdægurs. C yfirlæknir í Geðrofs- og samfélagsgeðteymi Landspítala, gaf skýrslu fyrir dómi. Kom m.a. fram í skýrslu hans að varnaraðili væri ófær um að mæta fyrir dóminn vegna málsins. Dómari og verjandi fóru af þeim sökum og hittu varnaraðila á dvalarstað hans, sbr. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 71/1997. Voru dómari, sóknaraðili og verjandi varnaraðila að því loknu sammála um að frekari gagnaðflunar eða vitnaleiðslna væri ekki þörf, áður en málið væri munnlega flutt.

Helstu málsatvik

4. Í kröfu um sjálfræðissviptingu kemur meðal annars fram að sóknaraðili sé lögráðamaður varnaraðila. Varnaraðili hafi verið greindur með geðklofa og framheilaskaða og eigi langa sögu um geðræn veikindi, auk þess að hafa glímt við afleiðingar súrefnisskorts við fæðingu. Hann hafi verið með miklar ofsóknarhugmyndir og sýnt ógnandi hegðun þegar hann hafi hætt að taka geðlyf. Varnaraðili hafi síðast verið sviptur sjálfræði tímabundið í tvö ár, með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 22. apríl 2024, en hafi áður endurtekið verið sviptur sjálfræði, allt frá árinu 2019.
5. Rakið er í kröfu sóknaraðila að varnaraðili sé ófær um að ráða persónulegum högum sínum vegna alvarlegs geðræns sjúkdóms og því sé nauðsynlegt að hann verði sviptur sjálfræði til tveggja ára. Varnaraðili hafi ítrekað hætt lyfjatöku og þá verið ofbeldisfullur og með ofsóknarhugmyndir. Hann sé alls ófær um að taka ákvarðanir um sjálfan sig, heilsu sína og aðstæður. Mikilvægt sé að tryggja lyfjagjöf til að koma í veg fyrir að einkenni versni og varnaraðili gerist hættulegur. Varnaraðili hafi verulega skert innsæi í veikindi sín og þörf á meðferð og skortir getu til upplýstrar ákvarðanatöku um meðferð. Vægari úrræði en sjálfræðissvipting séu ekki fyrir hendi í tilviki varnaraðila.
6. Með beiðni sóknaraðila fylgdi vottorð D, sérnámslæknis í geðlækningum, og C, sérfræðings í geðlækningum, dags. 20. apríl 2026. Í vottorðinu kemur fram að varnaraðili sé greindur með aðsóknargeðklofa (F20.0) og ótilgreinda vefræna persónu- og atferlisröskun af völdum heilasjúkdóms, -

skaða og -rangstarfsemi (F07.9). Hann sé með langvinnan geðklofa og heilaskaða frá fæðingu og hafi um árabíl glímt við alvarleg geðræn veikindi sem hafi einkennst af viðvarandi geðrofi, skertu innsæi og óstöðugri meðferðarheldni. Hann hafi ítrekað þurft innlagnir á geðdeildir og hafi sýnt ógnandi og stundum ofbeldisfulla hegðun gagnvart starfsfólki og öðrum, sérstaklega í veikindaköstum.

7. Í vottorði læknanna kemur fram að stöðugleiki veikinda varnaraðila hafi lengi verið háður skipulögðu eftirliti og þvingaðri meðferð. Þegar slíku aðhaldi hafi sleppt hafi hann ítrekað hætt lyfjameðferð, sem hafi leitt til verulegrar versnunar á veikindum hans. Þetta mynstur sé skýrt og endurtekið. Þar sem hann sé með meðferðarþráan geðklofasjúkdóm þá þurfi hann að taka Clozapine, sem sé eina lyfið sem virki á slíkan sjúkdóm. Lyfið sé ekki til í sprautuformi. Jafnvel á þessu lyfi hafi einkennin ekki horfið, sem sé áhyggjuefni. Saga varnaraðila sýni að án þvingaðra úrræði hætti hann meðferð, veikist hratt og geti valdið sjálfum sér og öðrum hættu. Áframhaldandi sjálfræðissvipting sé því nauðsynleg til að tryggja lyfjameðferð og eftirfylgd, koma í veg fyrir versnun sjúkdóms, draga úr hættu á skaða og viðhalda lágmarks stöðugleika og öryggi. Án slíkra úrræða sé veruleg hættu á hröðu bakslagi og alvarlegum afleiðingum. Vægari úrræði séu fullreynd og ófullnægjandi. Því styðji lækarnir og mæli með því að sjálfræðissvipting verði framlengd um tvö ár.
8. Varnaraðili var ekki talinn fær um að koma fyrir dóminn. Dómari kynnti sér því ástand hans og ræddi við hann þar sem hann dvelur að [...], Reykjavík. Kvaðst varnaraðili mótmæla kröfunni. Þá kvaðst hann mótmæla því sem fram kæmi í fyrirliggjandi læknisvottorði. Kvaðst hann ekki hafa hitt læknana sem skrifuðu undir það um langt skeið.
9. Vitnið, C, yfirlæknir í Geðrofs- og samfélagsgeðteymi Landspítala gaf símaskýrslu fyrir dómi. Hann staðfesti vottorð sitt frá 20. apríl sl., gaf nánari skýringar á því sem þar kemur fram og svaraði spurningum um heilsufar varnaraðila. Fram kom að í ljósi ástands varnaraðila teldi hann brýna þörf á að hann yrði sviptur sjálfræði í tvö ár. Kæmu þar vægari úrræði ekki til greina.
10. Við munnlegan málflutning ítrekaði sóknaraðili gerða kröfu og vísaði henni til stuðnings til fyrirliggjandi læknisvottorðs og vitnisburðar framangreinds læknis.

Niðurstaða

11. Samkvæmt a-lið 4. gr. lögræðis laga nr. 71/1997 er heimilt með úrskurði dómara að svipta mann tímabundið sjálfræði, fjárræði eða hvoru tveggja, ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé vegna andlegs vanþroska, ellisjóléika eða geðsjúkdóms eða vegna annars konar alvarlegs heilsubreysts, enda standi brýn þörf til og önnur og vægari úrræði í formi aðstoðar hafa verið fullreynd.
12. Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum sem eru í samræmi við gögn málsins, og einkum í ljósi framangreinds vottorðs læknanna D og C, og vættis C fyrir dómi, er að mati dómsins nægilega sýnt fram á það að varnaraðili sé vegna geðsjúkdóms ófær um að ráða persónulegum högum sínum eins og ástandi hans er nú farið. Samkvæmt framanrituðu eru uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., lögræðis laga nr. 71/1997 til að verða við kröfu sóknaraðila um að varnaraðili verði sviptur sjálfræði tímabundið. Í ljósi þess sem fram kom í vitnisburði læknis fyrir dómi verður að líta svo á að tveggja ára sviptingartími sé lágmarkstími og verður krafan því tekin til greina eins og hún er fram sett. Að því virtu og með hliðsjón af atvikum öllum verður fallist á að hann verði sviptur sjálfræði tímabundið í tvö ár. Varnaraðili á þess kost, að sex mánuðum liðnum, telji hann ástand sitt breytt og að ástæður sjálfræðissviptingar séu ekki lengur fyrir hendi, að bera fram kröfu um niðurfellingu sjálfræðissviptingar fyrir dóm, sbr. 15. gr. laga nr. 71/1997.
13. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. lögræðis laga ber að greiða úr ríkissjóði allan kostnað af rekstri málsins, þar með talda þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 222.400 krónur og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.
14. Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, A, kt. [...], er sviptur sjálfræði tímabundið í 2 ár.

Allur kostnaður af málinu, þar með talin þóknun skipaðs verjanda varnaraðila, Björgvins Halldórs Björnssonar lögmanns, 222.400 krónur, greiðist úr ríkissjóði.